

Rýmingaráætlun – viðbrögð við vá

Jarðskjálfti

Ef þú ert innandyra þegar jarðskjálfti byrjar– ekki hlaupa af stað.

- Haltu kyrru fyrir, mörg slys verða þegar hlaupið er af stað
- Farðu undir borð og haltu þér í borð
- Krjúptu niður í horni við burðarvegg eða í hurðaropi við burðarvegg
- Haltu þig frá gluggum – þeir geta brotnað



Ef þú er utandyra þegar þú finnur jarðskjálfta – ekki hlaupa inn

- Vertu áfram úti
- Ekki vera nálægt háum byggingum sem geta hrunið eða háum trjám
- Grjóthrun, skriður og snjóflóð geta fallið úr hlíðum og fjallendi
- Raflínur geta verið hættulegar – varist að snerta þær
- Reyndu að komast á opið svæði þar sem byggingar þrengja ekki að

Ef ákvörðun um rýmingu verður tekin vegna ógnar sem steðjar að umhverfinu (t.d. jarðhræringar) þá verða foreldrar að sækja börnin í skólann.

Rýmingaráætlun ef Almannavarnir gefa út viðvörun um hættuástand. Upplýsingar eru á:

<https://www.facebook.com/almannavarnir/> og www.almannavarnir.is

Gasmengun og eldgos

Fari gasmengun yfir viðmið inn á loftgaedi.is sér umsjónarmaður fasteignar/skólastjórnandi um að slökkva á loftræstingarkerfi skólans. Starfsfólk sér til þess að allir gluggar og hurðir séu lokaðar. Nemendur eru ekki sendir út séu loftgæði metin rauð eða ef hætta er á því að þau verði rauð. Komi til

Þess að loftgæði sé það slæm að ekki sé hægt að halda uppi eðlilegu skólastarfi er skólinn rýmdur. Verði eldgos í nágrenni við skólann, þannig að hætta skapist og það þurfi að rýma tilkynna stjórnendur um hvernig rýming fari fram. Foreldrum er tilkynnt með sms og á Facebook síðu skólans um að það þurfi að sækja nemendur í skólann í samræmi við rýmingu.

Hlutverk skólastjórnenda:

- Koma upplýsingum út í allar stofur skv. upplýsingum frá Almannavörnum.
- Ganga úr skugga um að starfsfólk sé sett við alla innganga skólans til að varna því að nemendur hlaupi út.
 - Aðalinngangur á suðurhlið
 - Útgangur í enda B gangs á norðurhlið
 - Útgangur í matsal
 - Útgangur úr setustofu
- Vera í samskiptum við lögreglu og Almannavarnir.
- Ákveða og gefur út tímasetningar hvenær nemendur eru sóttir. Birta upplýsingar á Facebook síðu skólans og senda til foreldra SMS í gegnum Mentor um hvar og hvenær skuli sækja nemendur.
- Fylgjast með rýmingarferlinu og aðstoða eftir föngum bæði foreldra og starfsfólk.
- Taka við þeim nemendum sem ekki hafa verið sóttir. Stjórnendur senda annað starfsfólk heim.
- Fara síðust úr húsi ganga úr skugga um að allir séu farnir út, gluggar og hurðir lokaðar og allir útganga læstir.
- Veita upplýsingar til lögreglu og Almannavarna um rýmingu skólahúsnæðis.

Hlutverk starfsfólks:

- Kennari tekur manntal m.v. nafnalista. Nafnalistann má finna í kennslustofum skólans.
- Kennari bíður með nemendum inni í stofu þar til foreldri eða staðgengill sækir nemanda. Nemendur fá ekki að fara út úr húsi einir.
- Kennari merkir við á nafnalista þegar búið er að sækja nemanda. Nemendur eru ekki láttnir í hendur annarra en eru á aðstandendalista í Mentor, í neyðarupplýsingareitnum eða til staðgengla foreldra sem þeir hafa gefið upp fyrirfram til umsjónarkennara.
- Gæta þarf þess að enginn nemandi fari út úr kennslustofu. Ef nemandi þarf að fara á salerni þá fær hann fylgd.
- Þegar búið er sækja flesta nemendur verður þeim sem eftir verða safnað í eina stofu undir stjórn stjórnanda. Kennari afhendir nafna- og aðstandendalista. Söfnunarsvæðið þegar rýma þarf húsnæðið er á bílastæði Tónlistarskólans/Hljómahallar. Söfnunarsvæði má sjá á mynd hér fyrir neðan.
- Annað starfsfólk hjálpar til á þeim stað sem það er að vinna á, ef til rýmingar kemur.

Foreldrar:

- Foreldrar/staðgenglar þurfa að sækja börnin í sínar heimastofur.
- Ekkert barn verður sent út án fylgdar foreldris/staðgengils.

- Foreldrar verða að gera ráð fyrir miklu umferðarálagi í sveitarfélaginu og þá sérstaklega við skólann komi til rýmingar á skólatíma. Foreldrar eru hvattir til að koma fótgangandi séu þeir í grennd við skólann og aðstæður leyfa.
- Lögreglan mun leitast við að vera með umferðarstýringu við skóla komi til rýmingar.

Þeir nemendur sem eru ekki sóttir verða ferjaðir í fjöldahjálparstöðina í íþróttahúsinu við Sunnubraut á vegum bæjarfélagsins og bíða þar í umsjá björgunarsveita þar til foreldrar geta sótt barn sitt. Þjónustufyrirtæki á vegum sveitarfélagsins sér um að ferja nemendur frá skóla og í fjöldahjálparstöðina.

Ef hætta stafar af húsnæðinu þá þarf að rýma það eins fljótt og auðið er og tekur rýmingaráætlun skólans við:

Rýmingaráætlun húsnæðis

Við hættuástand getur reynst nauðsynlegt að rýma skólann. Grundvallaratriði er að starfsfólk og nemendur hafi æft viðbrögðin þannig að þau komi eins og af sjálfu sér þegar á þarf að halda. Því skal haldin rýmingaræfing á hverju hausti. Rýmingaráætlun er til staðar og eru teikningar af henni í öllum stofum. Mikilvægt er að starfsfólk og nemendur hafi æft viðbrögðin svo að rýmingin gangi vel. Í Holtaskóla er öflugt brunaviðvörðunarkerfi. Brunavarnir Suðurnesja sjá um að æfa rýmingaráætlun.

Fyrir rýmingaræfingar þarf að útskýra fyrir nemendum tilgang æfinganna sem eru:

- að efla öryggi og þekkingu
- þjálfna nemendur í að bregðast rétt við og æfa viðbrögð
- auka líkur á að rýming gangi vel fyrir sig ef hættuástand skapast
- Ræða við nemendur að um æfingu sé að ræða, en ekki leik.
- Útskýra vel fyrir nemendum ef að viðvörðunarbjallan þagnar fljótlega fetir að hún fer af stað og fer ekki í gang aftur sé um bilun eða gabb að ræða. Fari bjallan af stað aftur eða stöðvist ekki er hætta á ferðum og rýma þurfi húsið.
- Kynna fyrir nemendum hvar neyðarútgangar eru staðsettir og hvar þeirra svæði er á söfnunarsvæði.
- Útskýra vel fyrir nemendum það fyrirkomulag sem gildir um útgöngu þegar rýmingaráætlun er virkjuð.

Hlutverk starfsfólks:

- Kennari er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna þegar hættuástand skapast.
- Skólastjórnandi og umsjónarmaður fasteigna hafa yfirsýn og veita upplýsingar til neyðarstarfsmanna þegar þeir koma að skólanum. Þeir athuga einnig með starfsfólk og gesti í skólanum.
- Skrifstofustjóri er ábyrgur fyrir að nemendalistar, aðstandendalistar, upplýsingar um fjarvistir og leyfi ásamt starfsmannalista sé uppfært og berist út á söfnunarsvæði/sendir á workplace.
- Starfsmenn skóla aðstoða við rýmingu, halda hurðum opnum, aðgæta salerni og önnur rými.

Brunakerfi


Skapist hættuástand í skólanum þar sem brunaviðvörðunarkerfi fer í gang skal vinna eftir eftirfarandi ferli:

1. Ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang kanna umsjónarmaður skóla og/eða skólastjórnandi hvaðan brunaboðið kemur. Ef ekki hefur verið slökkt á brunaboðanum innan tveggja mínútna eiga allir að yfirgefa bygginguna. Rýming er alltaf undirbúin um leið og heyrist í brunaboðanum. Skólastjórnandi og/eða umsjónarmaður skóla hefur samband við slökkviliðið í síma 112 ef boð hefur ekki borist til Securitas um brunaboð. Ef um falsboð er að ræða er slökkt á brunaboðanum sem gefur til kynna að hættuástand sé liðið hjá og viðbragðsaðilar látnir vita.
2. Kennarar og starfsmenn undirbúa rýmingu kennslustofu/rýmis samkvæmt leiðbeiningum sem er að finna í öllum rýmum. Nemendur yfirgefa ekki kennslustofuna fyrr en kennari og starfsmaður hefur kannað hvort útgönguleiðin sé greið. Hver kennari/starfsmaður er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna/sinna þegar hættuástand skapast. Ætíð skal velja þann neyðarútgang sem næstur er samkvæmt leiðbeiningum eða sem er greiðastur.
3. Nemendur ganga út á undan kennara og sá aðili sem síðastur fer út úr kennslustofum/rýmum skal loka vel öllum dyrum til að draga úr reykflæði um húsið. Ekki má læsa hurðum.
4. Þegar komið er út á söfnunarsvæðið er mjög mikilvægt að nemendur standi í einfaldri röð á sínu svæði hjá kennara sínum sem fer yfir nafnalistann og kannar hvort allir séu komnir út.
5. Umsjónarmaður skóla/skólastjórnandi kemur lyklum af skólanum til varðstjóra. Skólastjórnandi athugar hvort allir kennarar/starfsmenn séu komnir út. Ef einhvern vantar aflar hann upplýsinga um það hvar viðkomandi sást síðast í byggingunni og lætur varðstjóra slökkviliðsins vita.
6. Stjórnendur fara á milli hópa og fá upplýsingar um stöðu mála í nemendahópum og upplýsa skólastjóra um stöðu mála. Skólastjóri eða staðgengill hans er tengiliður við slökkviliðið.
7. Slökkviliðið kemur á staðinn. Skólastjórnandi/umsjónarmaður fasteigna gefur varðstjóra upplýsingar um stöðuna.
8. Slökkviliðið stýrir aðgerðum og enginn fer inn í bygginguna fyrr en varðstjóri slökkviliðsins hefur gefið skólastjóra/staðgengli eða umsjónarmanni leyfi til að hleypa fólki aftur inn.


Söfnunarsvæði:

Söfnunarsvæði vegna rýmingar húsnæðis:

Körfuboltavöllur við hlið Keilis er söfnunarsvæði Holtaskóla ef til rýmingar húsnæðis kemur. Bekkirnir raða sér upp á eftirfarandi hátt:



Söfnunarstaður 2 – Foreldrar sækja nemendur:



Áætlun þessi hefur verið unnin og yfirfarin af stjórnendum Holtaskóla og kynnt starfsfólki á starfsmannafundi/workplace. Áætlunin um hvernig nemendur eru sóttir hvort sem er ef hætta er utandyra eða innandyra verður borin undir lögreglu.